

Ed.

232. Framvarp

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr »Balaklópp«, við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nýðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglastapapúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í bæjarmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarstjóri stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmaet ályktun sje gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á nndan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver i bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stúttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir.

5. gr.

Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvila, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrjett á bæjarstjórnarfundum.

7. gr.

Bæjarstjórnin kys 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna.

8. gr.

Peir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu. Þó gilda sömn synjnnarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt lögnum.

9. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins nndir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá ern i lögnum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þan, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þan störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi i þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þan i bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rjetti sinnm hallað með úrsknrði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honnm til stjórnarráðsins.

10. gr.

Bæjarstjórnin kys 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

11. gr.

Með hafnarreglugerð, er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögnum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, nndir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notknn hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot, alt að 400 kr., er renna í sama sjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn kys bæjargjaldkera og veitir honnm árlega þóknnn. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

14. gr.

Fje það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengið með því að leggja útsvör á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

15. gr.

Bæjarstjórn, og sjerstaklega bæjarstjóri, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæslu kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sje á tryggum stað og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

16. gr.

Fjehirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldist hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má fjehirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við.

17. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sína þágu, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

18. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

19. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

20. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal fjehirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið umliðna ár og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. mars í skrifstofu bæjarstjóra. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn kys til þriggja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bóku og sjóði bæjarins hjá fjehirði, er þeim þykir þörf að gera athuganir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðbók

og kassa gjaldkera, og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum fjehirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum fjehirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

21. gr.

Innan loka júlímánaðar ár hvert skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við greind lög, lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breytingu og viðauka við sömu lög, svo og önnur lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.